

né síðar svo kunnugt sé. Að visu voru þar drepnar 30 súlur árið eftir, en síðan er sú saga á enda.

Árið 1926 eru taldar fram 1929 súlur, en þar af eru aðeins 656 úr Vestmannaeyjum, hitt kemur úr Geithellnahreppi í Suður-Múlasýslu og er talið, að það sé mest úr Papey. Þar hefir heldur aldrei verið getið um súluvarp fyrr. Síðan hefir ekkert verið talið fram þaðan. Árið 1927 eru taldar fram 3064 súlur, þar af 864 úr Vestmannaeyjum, en hitt úr Hafnarhreppi í Gullbringusýslu. Þar hefir súlan í Eldey fengið miður vinsamlega heimsókn. Í Eldey hagar svo til, að ef menn á annað borð komast upp í eyna, er auðvelt að strádrepa alla unga, sem þar eru fyrir, og ef til vill eitthvað af fullorðinni súlu líka. Þetta hefir og verið gert samvirkusamlega. Þá eru taldar fram 1104 súlur árið 1933 og lýkur þar Hagtiðindunum að sinni. Af þessum súlum eru 704 úr Vestmannaeyjum, hitt er úr Hafnarhreppi, þ. e. Eldey.

Þá má einnig sjá þess vitni í Hagtiðindunum, að súlan þolir eigi vel illfæri eða kuldatið. Á árunum 1917, 1918 og 1919 eru taldar fram súlur úr Vestmannaeyjum, sem hér segir: 162, 159 og 228. Er þetta langt fyrir neðan meðallag. Er því sýnt að hlífa verður súlunni, þegar hart er í ári.

Viðvikjandi Eldey er það að segja, að hún er vel fallin til alfriðunar. Hún er þannig sett í veröldina, að vörð þarf eigi að halda um hana að staðaldri, það gerir náttúran sjálf. Það þarf aðeins að banna mönnum að fara þangað til fugla-dráps, og ef einhverir verða til þess að brjóta það bann, á það að verða þeim dýrkeypt. Eyjan er sjálfsagður griðastaður sjófugla, sem þar leita hælís og auk þess í rauninni ónumið land, sem vafasamt er að nokkur eignarkvöð liggi á. Þess sést hvergi getið að eyjan hafi verið metin til verðs eða hlunninda nokkurri jörð, kirkju eða einstökum mönnum. Og þótt menn úr næstu héruðum fari þangað til fanga endrum og eins, er hæpið að telja þá hafa eignarhald á eyinni, jafnvel þótt þeir færu þangað að staðaldri. Enda mun því aldrei hafa verið lýst á löglegan hátt, að eyjan væri numin til eignar. Veit eg heldur eigi, hvort það er hægt samkvæmt nútíma lögum. Eg sé því ekkert, sem mæli gegn því, að Eldey verði friðlýst. Eigi trúi eg því, að almenningur vilji hafa hana fyrir aftökustað þess, sem fágætast er og merkilegast í fuglaríki þessa lands. Mér finnst réttara að fram-

## Um vitsmuni dýra.

Jón konungsritari Sveinbjörnsson er hestamaður mikill og hefur hann íslenzkan reiðhest á búgarði sínum fyrir utan Kaupmannahöfn. Í sumar, er hann var á ferð hér, heimsótti hann mig kveld eitt og barst talið að hestum. Spurði hann mig eftir vindóttu hestinum mínum með gráa faxinu og gáfulega höfðinu. En hann sagði mér eftirfarandi sögu af tveim íslenzkum hestum, er hann hafði haft kynni af í Danmörku. Áleit hann, að miklu meiri rækt væri lögð við vitsmuni hestanna erlendis, en hér væri almennt, og það jafnvel svo, að hagnýt not yrðu af, eins og þar sýndi sig.

\* \* \*

Á herragarði nokkrum í Danmörku, skammt frá Kaupmannahöfn, voru í mörg ár tveir íslenzkir hestar; voru þeir keyptir þangað ungir og tamdir þar. Hestarnir voru að sumrinu til hafðir á beit skammt frá heimahúsunum, en er á þeim þurfti að halda, voru þeir ekki sóttir, heldur var dregið upp flagg á þar til gerðri stöng heima. Komu þeir þá jafnan racleitt heim. Eitt af þeim störfum, er þeim var ætlað, var að dæla vatni í þró allstóra. Var það gert með þeim hætti, að hestarnir voru spentir fyrir þverslá og látnir ganga fyrir henni í hring. Voru þeir hafðir mannláusir við starf þetta, og héldu þeir áfram viðstöðulaust, þar til þróin var full. En þá stönguðu þeir og biðu rólegir þar til þeir voru leystir.

Konungsritari kvaðst sjálfur hafa verið sjónarvottur að þessu. Spurði eg hann, hvernig temja mætti hesta þannig.

„Það er ekki gert með svipu,“ sagði hann, „dýrin finna fljótt, hvað að þeim snýr, brauðbiti, sykurmoli eða mjólkursopi geta gert kraftaverk á þessu sviði. En umfram allt verður maður að tala við hest-

vegis verði komið í veg fyrir það. Vill Dýraverndunarfélagið beita sér fyrir þessu máli?

(Leiðrétting á prentvillu í grein Magnúsar Björnssonar í síðasta blaði: Undir myndinni af pelikönunum stóð: Súlan er af pelikanaættinni, fyrir: pelikanaættbálkinum.)

ana. Við tölum allt of lítið við hestana okkar," sagði hann.

\* \* \*

Eg sagði honum nú sögu af hestinum mínum, „með gráa faxið og gáfulega höfuðið“, sem Eldur hét. Hann heltist og hafði eg hann í Tungu, sem þá var eign Dýraveyndunarfélagsins, Fór ég þangað oft með dýralækni, til að líta á fót hans og skipta um umbúðir á honum. Þurfti ég þá venjulega ekki annað en kalla á hann, þótt styggur væri hann við aðra; kom hann þá oft hlaupandi, þótt haltur væri, enda hafði ég oftast eitthvað meðferðis handa honum. Undir hlöðuvegg í Tungu „var kerrukassi á hvolfi, tók ég upp veika framfótinn og lét hann hvíla á kassanum meðan á aðgerðinni stóð. En er ég hafði gert þetta nokkrum sinnum, þurfti ég ekki að hafa fyrir því meir; þegar ég teymdi Eld að kassanum, krafsaði hann lítið eitt með veika fætinum, lyfti honum svo upp og tyllti honum á kassabrunina, og hreyfði hann ekki þaðan, fyrr en aðgerðinni var lokið.

Eldur var mjólkurbarn mikið og fékk hann oft sopa og brauðbita við eldhúsdýrnar á heimili mínu, Hólatorgi 4. En þetta varð til þess, að hann setti sig yfir girðinguna í Skildinganesi og einhvern veginn komst hann út í Tungu, slapp við lögregluna í Reykjavík, opnaði með snoppunni hliðið á Hólatorgi, stóð þar hálfur inni í skúr og hneggjáði við eldhúsdýrnar. — Um tíma hafði ég hann á túnbletti við Suðurgötu. Hvert skipti, er ég gekk til eða frá mat og hann heyrði rödd mína, eða aðeins fótatak, kom hann hlaupandi að girðingunni og fylgdi með henni svo langt sem hún náði.

Eldur var fæddur og uppalinn hjá Eiríki bónda í Kraga í Oddahverfi á Rangárvöllum.

Eitt sinn var ég á ferð með hann inni í Kerlingafjöllum, versnaði honum þá í fætinum, og hefir hann líklega ekki treyst sér til að halda ferðinni áfram. Strauk hann frá hestum, yfir Illahraun, setur sig yfir Þjórsá, og fer rակleitt niður að Kraga. Hafði hann þá ekki komið þar í tíu ár, og sennilega saknað æskufélaga sinna, er þar kom, og hélt hann þá aftur suður á leið.

Eldur var afburða töltari og brokkari sá mesti, sem Grímur bóndi Thorarensen í Kirkjubæ, hafði komið á bak.

\* \* \*



„Eldur“ Magnúsar Kjarans.

Þegar ég var unglingur, var ég verzlunarmaður í „Liverpool“ og átti þá heima hjá foreldrum mínum í Skothúsinu. Gekk ég þá jafnan Suðurgötu til vinnu, enda var Tjarnargatan þá ekki til. Ásgeir ræðismaður Sigurðsson átti svartan hund, stóran og fallegan, sem ég hafði miklar mætur á. Lá hann fyrir mér á morgnanna við hliðið á garði húsbónda síns, og fylgdi mér niður í búð. Gaf ég honum þá ávallt köku eða sykurmola. Sunnudagsmorgun nokkurn dettur mér í hug, að færa þessum vini mínum einhverjar góðgerðir, svo að hann bíði ekki árangurslaust. En er ég kem að hliðinu, er hann þar ekki. Athugaði ég þetta nokkrum sinnum, með sama árangri. Hundurinn hafði þá veitt því eftirtækt, að á sunnudagsmorgna þýddi ekki fyrir hann að sitja fyrir mér; ég ætti ekki leið þar um þann dag. En alla aðra daga vikunnar var hann þar staddur um langt skeið.

\* \* \*

Þegar konungsritari var farinn, hripaði ég niður þetta samtal okkar, eða þessar dýrasögur, sem við sögðum hver öðrum, enda þótt þær séu ekki merki- legar. Vitsmunir hesta og hunda eru á stundum áreiðanlega mun meiri en almennt er álitíð.

Magnús Kjaran.